

Til efnahags- og skattanefndar  
Frá tekju- og skattaskrifstofu

**Efni:** Svör við spurningum nefndarinnar vegna máls nr. 506 – ívilnun vegna endurbóta og viðhalds.

1. Óskað er eftir nánari skýringum frá fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóra á tilteknu orðalagi í 1. efnismgr. tillögunnar sem er svohljóðandi: Heimild þessi tekur einnig til kostnaðar vegna viðhalds og endurbóta á útleigðu íbúðarhúsnæði utan atvinnurekstrar.

Eigandi íbúðarhúsnæðis sem leigir það út, án þess þó að um sé að ræða útleigu sem telst til atvinnurekstrar, er heimilt að draga frá tekjuskattsstofni kostnað vegna viðhalds og endurbóta þess þrátt fyrir að íbúðarhúsnæðið sé ekki til eigin nota.

2. Óskað er eftir að könnuð verði afstaða fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra til þess hvort tilgangur frumvarpsins um að hvetja til aukins viðhalds gefi ekki tilefni til þess að láta frádráttarheimildina gilda fram í tímann, þ.e. láta hana ekki taka til framkvæmda sem unnar hafa verið fyrir gildistöku laganna sem fyrirhuguð er á miðju ári. Er eitthvað sem stendur því í vegi?

Ekkert stendur í vegi fyrir því. Embætti ríkisskattstjóra telur framkvæmdina verða auðveldari ef sú leið verður farið að miða við gildistöku laganna. Á móti því mælir að líklega hafa einhverjir þegar farið út í framkvæmdir og gera sér væntingar um að fá kostnað vegna þeirra dreginn frá tekjuskattsstofni.

3. Nefndin samþykkti að hvetja til þess að fjármálaráðuneytið taki til skoðunar athugasemdir sveitarfélaga er lúta að heimild til endurgreiðslu skv. bráðabirgðaákvæði XV í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og bundin er við húsnæði alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

Ráðuneytið hefur ofangreindar athugasemdir sveitarfélaga til skoðunar og mun fara vandlega yfir þær.